

Ár 2017, miðvikudaginn 17. maí, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Jónasi Þór Guðmundssyni, Huldu Árnadóttur og Svanhildi Kaaber.

Fyrir var tekið:

Að ákveða laun og starfskjör framkvæmdastjóra Íslandssjóða hf.

I.

Samkvæmt 2. mgr. 1. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð, sbr. 1. gr. laga nr. 87/2009, skal kjararáð ákveða laun og starfskjör framkvæmdastjóra hlutafélaga og annars konar félaga, einkaréttareðlis, sem eru að meiri hluta í eigu ríkisins og félaga sem eru að meiri hluta í eigu þeirra. Með bréfi fjármála- og efnahagsráðuneytis dagsettu 24. júní 2016 var kjararáði tilkynnt um yfirtöku íslenska ríkisins á Íslandsbanka hf. Jafnframt kom fram í bréfinu að Bankasýsla ríkisins færi með eignarhlut ríkisins í bankanum. Í bréfi stjórnar Íslandsbanka hf. til kjararáðs dagsettu 15. júlí 2016 er kjararáð upplýst um dótturfélag bankans. Kemur fram að Íslandssjóðir hf. sé eitt þeirra félaga. Af þessu leiðir að ákvörðun um laun og starfskjör framkvæmdastjóra Íslandssjóða hf. heyrir undir kjararáð.

II.

Með bréfi dagsettu 10. október 2016 var stjórn Íslandssjóða hf. gefinn kostur á að leggja fram greinargerð vegna væntanlegrar ákvörðunar kjararáðs um launakjör framkvæmdastjóra Íslandssjóða hf. Einnig var óskað eftir upplýsingum um starfsemi Íslandssjóða hf. auk upplýsinga um starfskjör framkvæmdastjórans. Með bréfi dagsettu 25. nóvember 2016 var fjármála- og efnahagsráðuneytinu gefinn kostur á að leggja fram greinargerð vegna málsins, sbr. 6. gr. laga um kjararáð. Með bréfi dagsettu 31. janúar 2017 var framkvæmdastjóra Íslandssjóða hf. gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum við ráðið. Einnig var óskað eftir upplýsingum um starfsemi Íslandssjóða hf. auk upplýsinga um starfskjör framkvæmdastjórans.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið sendi kjararáði bréf dagsett 20. desember 2016. Í bréfinu segir að eigendastefna ríkisins í fjármálafyrirtækjum hafi verið birt 2. september 2009, sbr. fréttatilkynningu ráðuneytisins nr. 60/2009. Henni sé ætlað að skýra fyrirætlanir ríkisins sem eiganda að fjármálafyrirtækjum. Í IV. kafla stefnunnar sé fjallað um kröfur og viðmið í rekstri fjármálafyrirtækja sem ríkið eigi hlut í. Í stefnunni komi fram að með þessu sé átt við að laun stjórnenda eigi að standast samanburð á þeim sviðum sem viðkomandi fyrirtæki starfi á, en séu ekki leiðandi. Þar sem Íslandssjóðir hf. falli undir þá skilgreiningu telji fjármála- og efnahagsráðuneytið rétt að horfa til þeirra meginsjónarmiða sem þar koma fram um kröfur og viðmið í rekstri, þar á meðal um laun stjórnenda. Þá er í bréfinu vísað til ákvæða 8. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð og þeirra breytinga sem gerðar voru lögnum á árinu 2009. Telur ráðuneytið eðlilegt að kjararáð horfi til þessa auk annarra viðmiðana þegar ákvarða eigi laun og starfskjör framkvæmdastjóra Íslandssjóða hf.

Stjórn Íslandssjóða hf. sendi kjararáði bréf dagsett 10. febrúar 2017. Með bréfinu fylgdi ráðningarsamningur framkvæmdastjórans dagsettur 14. október 2016 ásamt viðauka með upplýsingum um ráðningarkjör. Í bréfi stjórnarinnar segir að Íslandssjóðir hf. séu fjármálafyrirtæki með starfsleyfi sem rekstrarfélag verðbréfa- og fjárfestingarsjóða, samkvæmt 27. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, sbr. II. og III. kafla laga nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði. Starfsleyfi Íslandssjóða hf. taki til reksturs verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu, eignastýringar og fjárfestingarráðgjafar. Fram kemur að hjá félaginu starfi 15 starfsmenn og þar af séu níu sjóðstjórar, tveir sérfræðingar, fjárfestingastjóri, áhættustjóri, lögfræðingur og framkvæmdastjóri félagsins. Undir framkvæmdastjóra heyrir fimm forstöðumenn.

Í bréfi stjórnarinnar segir jafnframt að starfsemi verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða takmarkist við að veita viðtöku fé frá almenningi til sameiginlegrar fjárfestingar í fjármálagerningum og öðrum seljanlegum eignum á grundvelli áhættudreifingar samkvæmt fyrirfram kunngerðri fjárfestingarstefnu. Íslandssjóðir hf. reki og stýri fjárfestingum fyrir 12 verðbréfasjóði og 13 fjárfestingarsjóði og séu um 118 milljarðar króna ávaxtaðir í sjóðum félagsins. Að auki sjái félagið um fjárfestingar fyrir fagfjárfestasjóði á sviði sérhæfðra fjárfestinga og stýringu eigna fyrir fagfjárfesta og séu eignir sem

nemi um 27 milljörðum króna í slíkum fjárfestingum og eignastýringu hjá félaginu. Þá segir að málefni sem lúti að rekstri verðbréfa- og fjárfestingarsjóða séu oft og tíðum flókin og krefjist sérfræðikunnáttu. Framkvæmdastjóri rekstrarfélags þurfi að uppfylla sérstök hæfisskilyrði samkvæmt 52. gr. laga nr. 161/2002 og standast hæfismat hjá Fjármálaeftirlitinu. Einnig sé gerð krafa um að framkvæmdastjóri hafi staðist próf í verðbréfavíðskiptum. Starfslið rekstrarfélags skuli búa yfir færni, þekkingu og sérfræðikunnáttu sem nauðsynleg sé til að sinna þeim verkefnum sem þeim séu falin. Þá er þess getið að gerðar séu ríkar skipulagskröfur hjá rekstrarfélögum verðbréfasjóða, þar með talið um hagsmunaárekstra, víðskiptahætti og áhættustýringu. Af framangreindu megi sjá að starfsemi Íslandssjóða hf. sé umfangsmikil og starfslið félagsins sinni margþættum störfum. Eðli starfseminnar sé með þeim hætti að mikil ábyrgð hvíli á stjórnendum og starfsmönnum félagsins enda ábyrgðarhlutverk að taka við fé frá almenningi og fagfjárfestum á borð við lífeyrissjóði til sameiginlegrar fjárfestingar. Íslandssjóðir hf. séu eitt af stærstu rekstrarfélögum verðbréfasjóða hérlendis og meðal annars með umfangsmestu skuldabréfastýringu landsins. Starfsemi félagsins sé margþætt og flókin og þar af leiðandi miklar kröfur gerðar til stjórnanda um hæfni og stjórnunarhæfileika sem sé langt umfram það sem almennt gerist í hlutafélögum.

Í bréfinu kemur einnig fram að laun og önnur starfskjör framkvæmdastjóra Íslandssjóða hf. hafi verið ákvörðuð af stjórn félagsins í samræmi við samþykktir og starfskjarastefnu Íslandssjóða hf. Megininntak starfskjarastefnu félagsins, sem samþykkt sé af hluthöfum á aðalfundi ár hvert, miði að því að félagið sé samkeppnishæft í ráðningum og geti haldið í gott starfsfólk og stuðli að því að gera félagið að eftirsóknarverðum starfsvettvangi. Í stefnunni sé sérstaklega áréttað að kjör framkvæmdastjórans skuli vera samkeppnishæf og taka meðal annars mið af starfsskyldum, ábyrgð, árangri, menntun og fyrri reynslu. Fram kemur að starfskjarastefna Íslandssjóða hf. taki mið af starfskjarastefnu móðurfélagsins, Íslandsbanka hf. Þá segir í bréfinu að núverandi framkvæmdastjóri hafi verið ráðinn í starfið samkvæmt ráðningarsamningi dagsettum 15. október 2016. Í ráðningarsamningi segir að hann komi til framkvæmda frá og með 20. október 2016. Þá segir að framkvæmdastjóri fái greidd föst mánaðarlaun án tímamælingar. Auk launa er í samningnum fjallað um orlof, veikindarétt, ferðakostnað, tryggingar og greiðslur í lífeyrissjóð. Þá kemur fram að framkvæmdastjórinn eigi rétt á starfsafmælisgreiðslum í samræmi við sérstaka bókun í kjarasamningi Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja (SSF) og Samtaka atvinnulífsins (SA). Íslandssjóðir hf. láta framkvæmdastjóra í té farsíma og fartölvu til afnota og greiða kostnað við nettengingu á heimili hans. Fram kemur í ráðningarsamningi að uppsagnarfrestur sé þrjú mánuðir af hálfu framkvæmdastjóra en níu mánuðir af hálfu Íslandssjóða hf.

Framkvæmdastjóri Íslandssjóða hf. sendi kjararáði bréf dagsett 15. febrúar 2017. Í bréfinu er vísað til þeirra sjónarmiða og upplýsinga sem stjórn Íslandssjóða hf. hafi þegar sent kjararáði. Tekur framkvæmdastjórinn undir öll sjónarmið stjórnarinnar.

Formaður stjórnar Íslandssjóða hf. ásamt starfsmanni félagsins komu á fund kjararáðs 28. mars 2017 og fylgdu eftir bréfi stjórnarinnar til ráðsins. Jafnframt kom fram að stjórnin hefði ákveðið að leita úrskurðar fjármála- og efnahagsráðuneytis um hvort kjararáð ætti úrskurðarvald um laun framkvæmdastjóra Íslandssjóða hf., sbr. 4. málslið 2. mgr. 1. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð. Samkvæmt úrskurði fjármála- og efnahagsráðuneytis dagsettum 4. apríl 2017 heyrir undir kjararáð að ákveða laun og starfskjör framkvæmdastjóra Íslandssjóða hf.

III.

Íslandssjóðir hf. er dótturfélag Íslandsbanka hf. Samkvæmt samþykktum fyrir Íslandssjóði hf. er tilgangur félagsins rekstur verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða og fagfjárfestasjóða samkvæmt lögum nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði. Tilgangur félagsins er einnig eignastýring og önnur starfsemi sem fellur undir starfsleyfi félagsins samkvæmt 27. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, auk fjárfestinga og annarrar tengdrar starfsemi innan þess ramma sem lög leyfa.

Stjórn félagsins ræður framkvæmdastjóra sem hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri félagsins og kemur fram fyrir hönd þess í öllum málum sem varða venjulegan rekstur í samræmi við lög, samþykktir og ákvarðanir stjórnar. Daglegur rekstur tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar

eða mikils háttar. Framkvæmdastjóri sér um reikningshald, meðferð fjármuna og ráðningu starfsliðs. Honum ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðanda allar upplýsingar um rekstur félagsins sem þeir kunna að óska og veita ber lögum samkvæmt. Framkvæmdastjóra er óheimilt, nema að fengnu leyfi stjórnar, að sitja í stjórn stofnana og atvinnufyrirtækja eða taka þátt í öðrum atvinnurekstri að öðru leyti nema lög kveði á um annað.

Í stjórnarháttayfirlýsingu Íslandssjóða hf. 2016 kemur fram að félagið hafi gert útvistunarsamninga við Íslandsbanka hf. þar sem bankinn tekur að sér ákveðin verkefni fyrir Íslandssjóði hf. á grundvelli 18. gr. laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði og fagfjárfestasjóði.

IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun sína skuli kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra samkvæmt 3. gr. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Í 10. gr. laganna segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald þess tekur til.

Kjararáð hefur ekki áður ákveðið framkvæmdastjóra Íslandssjóða hf. laun. Með vísan til þess innbyrðis samræmis sem kjararáði ber að hafa að leiðarljósi og áður er gerð grein fyrir er við ákvörðun launakjara framkvæmdastjóra Íslandssjóða hf. horft til launakjara forstöðumanna annarra fjármála-stofnana sem undir kjararáð heyra.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að laun framkvæmdastjóra Íslandssjóða hf. skuli vera sem segir í ákvörðunarorði.

V.

Ákvörðunarorð

Mánaðarlaun framkvæmdastjóra Íslandssjóða hf. skulu vera samkvæmt launaflokki 502-139, nú 1.058.376 krónur. Að auki skal greiða honum 50 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu og álag er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokki 502-136, nú 9.572 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru miðuð við fullt starf þannig að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör framkvæmdastjóra Íslandssjóða hf. gilda reglur kjararáðs um starfskjör framkvæmdastjóra félaga sem eru að meiri hluta í eigu ríkissjóðs og dótturfélaga þeirra frá 17. nóvember 2015.

Jónas Þór Guðmundsson

Hulda Árnadóttir

Svanhildur Kaaber